

Skólanámskrá Arakletts Krókur 3 - 5 ára

GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR	LÆSI	SJÁLFBÆRNI	HEILBRIGÐI OG VELFERÐ	LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI	JAFNRÉTTI	SKÖPUN
Fjölgreindir Gardners	Málgreind, rök- og stærðfræðigreind.	Umhverfisgreind.	Líkams- og hreyfigreind.	Samskiptagreind og sjálfsþekkingargreind.	Samskiptagreind og sjálfsþekkingargreind.	Rýmigreind, tónlistargreind og umhverfisgreind.
Þroskabættir	Málþroski, vitsmunabroski, félagsþroski og fagurþroski, líkams- og hreyfiþroski.	Vitsmunabroski, hreyfiþroski og fagurþroski.	Líkams- og hreyfiþroski, vitsmuna- og félagsþroski.	Vitsmunabroski, félagsþroski, málþroski, líkams- og hreyfiþroski.	Vitsmunabroski, tilfinningabroski, líkams- og hreyfiþroski.	Fagurþroski, hreyfiþroski, vitsmunabroski, félagsþroski, málþroski og tilfinningabroski.
HÆFNI (Almennt)						
	Hæfileikinn til að vinna með tungumál. Góður orðaforði og málskilningur, leikni og lipurð með texta og tungumál.	Hæfileikinn til að greina og meta hluti í náttúrunni. Næmni fyrir umhverfinu, jurtum, dýrum, fjöllum, skýjafari og svo framvegis.	Hreyfigeta og færni til líkamstjáningar, dans- og íþróttaiðkunar.	Hæfileikinn til að hafa samskipti við og skilja aðra, svo sem að ráða í látbragð og raddblæ. Þekking á sjálfum sér, svo sem að þekkja styrk sinn og veikleika, tilfinningar sínar, hugsanir og langanir, og hæfni til að nýta þessa þekkingu sér til framdráttar.	Hæfileikinn til að hafa samskipti við og skilja aðra, svo sem að ráða í látbragð og raddblæ. Þekking á sjálfum sér, svo sem að þekkja styrk sinn og veikleika, tilfinningar sínar, hugsanir og langanir, og hæfni til að nýta þessa þekkingu sér til framdráttar.	Hæfileikinn til sjón- og rúmskynjunar. Næmni fyrir litum, lögun og formum. Hæfileikinn til að vinna með, meta og skapa tónlist.
MARKMIÐ						
	Að barnið eigi jákvæð og virk samskipti við önnur börn og fullorðna. Það auki orðaforða sinn, leiki sér með tungumálið og styrki hljóðkerfisvitund sína. Að það heyri fjölbreytt og vandað mál. Tjá sig við aðra og taki þátt í samræðum. Kynnist bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum. Læri texta og taki þátt í söng.	Að barnið upplifi fjölbreytni náttúrunnar og njóti útiveru í íslenskrri veðráttu. Kynnist lífríkisinu í nánasta umhverfi sínu og umgangist náttúruna af virðingu. Það hafi frjálsan aðgang að fjölbreyttum efnivið og áhöldum. Að barnið hafi tækifæri til að nálgast upplýsingar á ýmsan hátt og nýti þær í vinnu. Það líti á sjálfbærni sem sjálfsagðan hlut í starfi skólans.	Að barnið fái fullnægt hreyfiþörf sinni í öruggu umhverfi og efli með því hreyfiþroska, hreyfigetu og samhæfingu. Það þrói með sér jákvæða líkamsvitund og eigi kost á alhliða hreyfingu. Að barnið fái tækifæri til að reyna á sig, slaka á og hvílast. Að það geti treyst því að þörfum þess sé mætt.	Að barnið æfi sig í að beita lýðræðislegum vinnubrögðum. Að það fái tækifæri til að bera ábyrgð eftir því sem það hefur getu og þroska til. Að barnið taki þátt í að meta leikskólastarfið og taki þátt í ákvörðunum sem varða það sjálft. Að það finni að borin er virðing fyrir skoðunum þess. Það þekki umhverfi og dagskipulag skólans, hefðir og reglur sem þar gilda og skynji sig sem þátttakanda í samfélagi leikskólans ásamt því að öðlast reynslu af að vera hluti af hóp. Að barnið finni að það er hlustað.	Að barnið upplifi jafnrétti sem sjálfsagðan hlut í daglegu skólastarfi og geti treyst á að þörfum þess sé mætt ásamt því að skoðanir þess séu virtar. Að barnið kynnist og virði marbreytileika mannlífsins. Að það fái tækifæri til að hjálpa sér sjálft við daglegar athafnir og njóti trausts til þess að finna eigin lausnir.	Að barnið fái virkjað sköpunarkraft sinn og fái að vinna með og kynnst fjölbreyttum efniviði og áhöldum til tjáningar. Það upplifi að borin er virðing fyrir verkum þess og læri að bera virðingu fyrir verkum annarra. Barnið fái tækifæri til að tjá sig um verk sín. Þroski með sér frumkvæði, frjálsa, skapandi tjáningu og túlkun í tónlist, myndlist og öðru skapandi starfi.
LEIÐIR						
LEIKUR						
	Börnin eiga greiðan aðgang að bókum, texta, bók- og tölustöfum sem og efni sem hvetur til samskipta og leiks. Þau eru hvött til að tjá tilfinningar sínar og skoðanir og virða skoðanir annarra. Börnin upplifa að starfsfólk er til staðar fyrir þau, það hvetur og setur orð á hluti og athafnir.	Börnin hafa aðgang að náttúrulegu leikefni, tækjum og tólum til að kanna umhverfi sitt og efnivið sem hvetur til og eykur skilning á stærðum, formum, litum og fjölda. Form, tölur og stærðfræðileg	Börnin hafa aðgang að skapandi og krefjandi efniviði úti sem inni þar sem þau geta eftir bæði fín- og grófhreyfingar sínar og fá hreyfiþörf sinni fullnægt. Farið er í frjálsa og skipulagða leiki þar sem reynir	Börnin hafa raunverulegt val um leiksvæði og viðfangsefni og eru hvött til að taka sjálfstæða ákvörðun varðandi leikinn. Þau fá tækifæri til að eiga í samskiptum og samvinnu við jafnaldrá. Börnin upplifa að talað er eins til stráka og stelpna.	Börnin upplifa að allir hafi jafnt vægi í barnahópnum og framkoma innan deildarinnar einkennist af virðingu og vinsemd. Börnin finna að stelpur jafnt og strákar hafa sama aðgang að leikefni og fá sömu hvatningu. Allir geta leikið saman.	Börnin hafa aðgang að fjölbreyttu efni og áhöldum sem hvetur þau til sköpunar í leiknum. Mismunandi tónlist er spiluð á deildinni og börnin hafa aðgang að efniviði til tónlistarsköpunar sem og til myndsköpunar og annarrar tjáningar.

		tákn eru sýnileg í umhverfinu.	á hreyfingu og samvinnu.			
HÓPASTARF OG SAMVERA						
	Í barnahópnum er hlustað á sögur, rím og þulur. Börnin fá tækifæri til að setja hugsanir sínar í orð. Þau taka virkan þátt í rímleikjum og öðrum orða og stafaleikjum. Tjá sig um verk sín og deila með öðrum.	Unnið er með náttúrulegan efnivið úti og inni. Börnin taka virkan þátt í útikennslu. Hlusta á sögur ljóð og þulur um náttúruna og umhverfið. Skoða og skynja veðurfar og árstíðir. Farið er í vettvangsferðir með áherslu á umhverfismennt. Meðal annars fara börnin með efnivið í endurvinnslu sem lið í Grænfánastarfi skólans.	Í barnahópnum er farið í leiki sem reyna á gróf- og fínhyrfingar. Í dagskipulagi eru jógaæfingar og börnin ná að slaka á og hvílast.	Í hópnum er lagt upp úr þátttöku í lýðræðislegum umræðum og ákvörðunartöku sem varðar daglegt starf. Börnin eru hvött til að færa rök fyrir skoðunum sínum. Þau taka þátt í tiltekt og frágangi. Samvinna einkennir starf deildarinnar.	Í hópnum er stuðlað því að rödd allra fái að njóta sín. Styrkleikar hvers og eins eru dregnir fram og börnin upplifa að hver og einn hafi vægi og fái notið sín.	Fjölbreyttur og skapandi efniviður er aðgengilegur í hópastarfi. Börnin taka þátt í sameiginlegum verkefnum. Þau fá tækifæri til að leika frjálst, skapa og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu.
AÐ KOMA, FARA, KLÆÐA SIG, ÚTIVERA OG VETTIVANGSFERDIR						
	Það er tekið hlýlega á móti börnunum og þau heilsa og kveðja í upphafi og lok dags. Þau taka þátt í umræðu um umhverfið, veðrið klæðnað og ýmis hugtök tengd umhverfinu. Börnin rétta hvoru öðru hjálparhönd í fataklefanum og vinna saman.	Börnin veita umhverfinu athygli, s.s dýrum og plöntum. Þau fara í útveru í flestum veðrum. Börnin taka eftir formum, fjölda og táknum í umhverfinu og fara reglulega í vettvangsferðir í nærumhverfinu.	Börnin fá ráðrúm til að hjálpa sér sjálf og tækifæri til að leika sér í breytilegu landslagi og við ýmsar aðstæður.	Börnin taka þátt í umræðu um hentugan klæðnað t.d. eftir veðri og fá að taka ákvarðanir sjálf .	Öll börnin fá tækifæri á að láta rödd sína heyrast og lagt er upp með að allir litir eiga jafnt við stráka og stelpuföt.	Börnin hafa aðgang að náttúrulegum efnivið og veitt er athygli á litum og hljóðum í umhverfinu. Börnin fá notið tónlistar, heimsækja bókasafnið og fara á listsýningar.
MATARTÍMI						
	Lagt er upp úr með að börnin upplifi nálægð og notalegheit í matartímanum. Þar gefst tækifæri til samræðna um matinn og annað sem ber á góma.	Börnin fá tækifæri til að borða úti þegar aðstæður eru til. Þau læra að fara vel með mat og virða hann. Börnin leggja á borð, læra um fjölda, magn og fleiri hugtök.	Börnin nota hnifapör, smyrja, skammta sér og hella sjálf í glös. Þeim er skapað rólegt og ljúft andrúmsloft við matartímann. Spjallað um matinn, hvaðan hann kemur, hollustu og næringu.	Börnin fá tækifæri til að skammta sér sjálf og ganga frá eftir sig. Það er gefið ráðrúm til að njóta matarins með jafningjum. Börnin eru hvött til að smakka allan mat og borða sig mett.	Allir fá tækifæri til að mettast og rætt er um mismunandi þarfir og venjur, til dæmis er varðar fæðuofnæmi eða fæðuþöpol.	Börnin fá að velta fyrir sér litum, áferð, lögum og bragði matarins. Þau kynnast ólíkum matarhefðum, gömlum og nýjum, og mat frá öðrum löndum. Börnin eru frædd um góða borðsiði, þau hvött til að sýna tillitssemi og rétta hjálparhönd.
SVEFN OG HVÍLD						
	Börnin hlusta á sögur, vísur, þulur, söngva eða tónlist í hvíldartíma.	Í boði er að hlusta á náttúru og umhverfishljóð. Jóga er í boði af og til.	Börnin fá að njóta næðis svo þau ná að slaka á.	Börnin fá ráðrúm til að hvíla og sofa eins lengi og þau þurfa.	Lagt er upp úr með að börnin finni fyrir vellíðan og slökun með vinum sínum. Allir fá sitt pláss og mismunandi þörfum er mætt.	Börnin eru hvött til að loka augunum og ímynda sér... Hlustað er eftir umhverfishljóðum og á þögnina.
LÍKAMLEG UMHIRÐA						
	Börnin eru hvött til jákvæðra samskipta og tillitsemi. Orð eru sett á athafnir.	Börnin eru frædd um pappírs- og vatnsnotkun.	Rætt er um gildi hreinlætis, líkamsumhirðu og sýklavarna. Börnin þvo sér	Börnin fá tækifæri og hvatningu til sjálfshjálpar við líkamlega umhirðu og aðstoð ef þörf er á.	Gætt er þess að allir fái jöfn tækifæri og umræða varðandi margbreytileikann er vakandi.	Börnin nota hlífðarföt í myndsköpun. Þau ganga frá eftir

			fyrir matartíma og eftir salernisferðir.			vinnuna og því sér sjálf.
--	--	--	--	--	--	------------------------------

Hallveig Guðbjört Ingimarsdóttir í samvinnu við **Tröppu ráðgjöf**. Byggt á Aðalnámskrá leikskóla, Fjölgreindarkenningu Howards Gardners (Fjölgreindir í skólastofunni) eftir Thomas Armstrong og stuðst við námskrá leikskólans Álfaheiði í Kópavogi.